

**Nd.**

**192. Nefndarálit**

**[4. mál]**

um frv. til laga um lokunartíma sölubúða.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið á tveimur fundum sínum, en ekki leitað eftir umsögnum um það. Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi og þá fengnar umsagnir frá Landssambandi íslenskra verslunarmanna, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, bæjarstjórn Kópavogs, bæjarstjórn Seltjarnarness, hreppsnefnd Mosfellshrepps, Verslunarráði Íslands, Kaupmannasamtökum Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufélaga.

Í umsögnum þessum koma fram mjög skiptar skoðanir.

Meiri hluti nefndarinnar telur eðlilegt að hverju sveitarfélagi sé heimilt að setja samþykktir um lokunartíma sölubúða, eins og lög nr. 17/1936 gera ráð fyrir, og haga þessum málum eins og best hentar á hverjum stað.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1982.

Jósef H. Þorgeirsson,  
form., frsm.  
Garðar Sigurðsson.

Ingólfur Guðnason,  
fundaskr.  
Ólafur Þ. Þórðarson.

Eggert Haukdal.  
Friðrik Sophusson.